

# VÍSINDASTARF Á LANDSPÍTALA 2019



UMHYGGJA FAGMENNSKA ÖRYGGI FRAMPRÓUN

# Efnisyfirlit

|   |    |   |    |
|---|----|---|----|
| Ávarp .....   | 4  | Blóðlæknisfræði .....                                   | 29 |
| Styrkþegar Vísindasjóðs Landspítala 2019 .....  | 5  | Gigtarlæknisfræði .....                                 | 31 |
| Vísindaráð Landspítala .....  | 5  | Hjartalæknisfræði .....                                 | 33 |
| Heiðurvísindamaður Landspítala 2019 .....   | 6  | Innkirtlalæknisfræði .....                              | 34 |
| Ungur vísindamaður ársins 2019 .....  | 6  | Lungnalæknisfræði .....                                 | 35 |
| Styrkveiting úr Verðlaunasjóði Þórðar Harðarsonar ...   | 6  | Meltingarlæknisfræði .....                              | 37 |
| Ferðastyrkir fyrir þrjú bestu veggspjöldin .....  | 6  | Nýrnalæknisfræði .....                                  | 38 |
| Ungir vísindamenn styrktir til klínískra rannsókna ....   | 7  | Smitsjúkdómalæknisfræði .....                           | 40 |
| Minninga- og gjafasjóður Landspítala .....  | 7  | Meinafræði .....  | 41 |
| Merking greina .....  | 7  | Myndgreining .....                                      | 44 |
| Opinn aðgangur .....  | 7  | Ónæmisfræði .....                                       | 44 |
| Nýjar vísindarannsóknir á Landspítala árið 2019 .....   | 8  | Skurðlæknisfræði .....                                  | 46 |
| Úthlutun vorstyrkja Vísindasjóðs Landspítala<br>var 84 miljónir til 96 verkefna .....             | 8  | Barnaskurðlæknisfræði .....                             | 46 |
| Siðanefnd heilbrigðisrannsókna samþykkti<br>54 nýjar rannsóknir á árinu .....                     | 10 | Heila- og taugaskurðlæknisfræði .....                   | 46 |
| Vísindasiðanefnd veitti leyfi fyrir 112 nýjum<br>rannsóknum á Landspítala .....                   | 11 | Hjarta- og lungnaskurðlæknisfræði .....                 | 47 |
| Leyfi siðanefnd stjórnisýslurannsókna Landspítala<br>til nýrra rannsókna á Landspítala 2019 ..... | 13 | Kviðarhols- og brjóstaskurðlækningar .....              | 48 |
| Ársskýrsla Siðanefndar heilbrigðisrannsókna<br>á Landspítala 2019 .....                           | 14 | Þvagfæraskurðlæknisfræði .....                          | 48 |
| Yfirlit yfir vísindastörf á Landspítala 2019 .....  | 18 | Æðaskurðlæknisfræði .....                               | 48 |
| Augnlæknisfræði .....   | 18 | Svæfinga- og gjörgæslulæknisfræði .....                 | 48 |
| Barnalæknisfræði .....  | 19 | Sýklafræði .....  | 50 |
| Bráðalæknisfræði .....  | 21 | Sýklafræði .....  | 50 |
| Bæklunarskurðlæknisfræði .....  | 22 | Veirufræði .....  | 51 |
| Endurhæfingarlæknisfræði/Sjúkraþjálfun .....  | 22 | Taugasjúkdómafræði .....                                | 51 |
| Læknisfræðileg endurhæfing .....  | 22 | Öldrunarlæknisfræði .....                               | 51 |
| Sjúkraþjálfun .....   | 22 | Blóðbankinn .....                                       | 52 |
| Fæðinga- og kvensjúkdómalækningar .....   | 23 | Eðlisfræðingar .....                                    | 53 |
| Geðsjúkdómafræði .....  | 24 | Félagsráðgjöf .....                                     | 53 |
| Almenn geðlæknisfræði og Barna- og unglingsgeðlæknisfræði .....                                   | 24 | Geislafræðingar .....                                   | 54 |
| Sálarfræði .....  | 26 | Iðjuþjálfun .....                                       | 54 |
| Krabbameinslæknisfræði .....  | 27 | Lyfjafræði .....  | 54 |
| Lífefna- og sameindalíffræði .....  | 27 | Náttúrufræðingar .....                                  | 54 |
| Lyflæknisfræði .....  | 29 | Næringarfræði .....                                     | 58 |
|   |    | Talmeinafræði .....                                     | 60 |
|   |    | Verkfræðingar .....                                     | 60 |
|   |    | Barnahjúkrun .....                                      | 60 |
|   |    | Bráðahjúkrun .....                                      | 61 |
|   |    | Endurhæfingarhjúkrun .....                              | 61 |
|   |    | Fjölskylduhjúkrun .....                                 | 62 |
|   |    | Geðhjúkrun .....  | 62 |
|   |    | Hjúkrun aðgerðasjúklinga .....                          | 63 |
|   |    | Hjúkrun langveikra fullorðinna .....                    | 63 |
|   |    | Hjúkrunarstjórnun .....                                 | 64 |
|   |    | Krabbameinshjúkrun .....                                | 64 |
|   |    | Kynheilbrigði .....                                     | 65 |
|   |    | Skurð-, svæfinga- og gjörgæsluhjúkrun .....             | 65 |
|   |    | Öldrunarhjúkrun .....                                   | 65 |
|   |    | Ljósmeðurfræði .....                                    | 66 |
|   |    | Skrifstofa fjármála .....                               | 66 |
|   |    | Skrifstofa framkvæmdastjóra hjúkrunar og lækninga ..... | 66 |

## Yfirlit yfir vísindastörf á Landspítala 2019 í starfrófsröð eftir fræðigreinum og sviðum

|  |    |   |    |
|--|----|---|----|
| Almenn geðlæknisfræði og Barna- og unglingageðlæknisfræði..... | 24 | Ljós móðurfræði .....                                   | 66 |
| Augnlæknisfræði .....  | 18 | Lungnalæknisfræði .....                                 | 35 |
| Barnahjúkrun .....   | 60 | Lyfjafræði .....  | 54 |
| Barnalæknisfræði .....   | 19 | Lyflæknisfræði .....                                    | 29 |
| Barnaskurðlæknisfræði .....                                    | 46 | Læknisfræðileg endurhæfing .....                        | 22 |
| Blóðbankinn.....   | 52 | Lífefna- og sameindalíffræði .....                      | 27 |
| Blóðlæknisfræði.....   | 29 | Meinafræði.....   | 41 |
| Bráðahjúkrun .....   | 61 | Meltingarlæknisfræði .....                              | 37 |
| Bráðalæknisfræði.....  | 21 | Myndgreining.....                                       | 44 |
| Bæklunarskurðlæknisfræði .....                                 | 22 | Náttúrufræðingar .....                                  | 54 |
| Endurhæfingarhjúkrun .....                                     | 61 | Næringarfræði .....                                     | 58 |
| Endurhæfingarlæknisfræði/Sjúkraþjálfun.....                    | 22 | Nýrnalæknisfræði .....                                  | 38 |
| Eðlisfræðingar .....   | 53 | Sjúkraþjálfun .....                                     | 22 |
| Fjölskylduhjúkrun .....  | 62 | Skrifstofa fjármála .....                               | 66 |
| Fæðinga- og kvensjúkdómalækningar .....                        | 23 | Skrifstofa framkvæmdastjóra hjúkrunar og lækninga ..... | 66 |
| Félagsráðgjöf .....  | 53 | Skurð-, svæfinga- og gjörgæsluhjúkrun .....             | 65 |
| Geislafræðingar .....  | 54 | Skurðlæknisfræði .....                                  | 46 |
| Geðhjúkrun .....   | 62 | Smitsjúkdómalæknisfræði .....                           | 40 |
| Geðsjúkdómafræði .....   | 24 | Svæfinga- og gjörgæslulæknisfræði .....                 | 48 |
| Gigtarlæknisfræði .....  | 31 | Sálarfræði .....  | 26 |
| Heila- og taugaskurðlæknisfræði .....                          | 46 | Sýklafræði .....  | 50 |
| Hjarta- og lungnaskurðlæknisfræði .....                        | 47 | Sýklafræði.....   | 50 |
| Hjartalæknisfræði .....  | 33 | Talmeinafræði .....                                     | 60 |
| Hjúkrunarstjórnun .....  | 64 | Taugasjúkdómafræði.....                                 | 51 |
| Hjúkrun aðgerðasjúklinga .....                                 | 63 | Veirufræði .....  | 51 |
| Hjúkrun langveikra fullorðinna .....                           | 63 | Verkfræðingar .....                                     | 60 |
| Innkirtlalæknisfræði .....                                     | 34 | Æðaskurðlæknisfræði .....                               | 48 |
| Iðjuþjálfun .....  | 54 | Ónæmisfræði.....  | 44 |
| Krabbameinshjúkrun .....                                       | 64 | Öldrunarhjúkrun .....                                   | 65 |
| Krabbameinslæknisfræði.....                                    | 27 | Öldrunarlæknisfræði .....                               | 51 |
| Kviðarhols- og brjóstaskurðlækningar .....                     | 48 | Þvaggæskurðlæknisfræði .....                            | 48 |
| Kynheilbrigði .....  | 65 |   |    |



Magnús Gottfreðsson,  
yfirlæknir vísindaeildar  
Landspítala og prófessor við  
læknadeild Háskóla Íslands.

# Ávarp

## Heimfaraldurinn og höfuðstóllinn





Ársins 2019 verður að öllum líkindum minnst sem góðs og gjöfuls árs, ekki síst í samanburði við ýmislegt það sem árið 2020 hefur haft í för með sér. Allt frá sameiningu hefur Landspítali haldið sérstakan ársfund fyrir vísindamenn spítalans, þar sem liðið er um öxl og árangur nýliðins árs er gerður upp og styrkjum úthlutað úr vísindasjóði. Þessi ársfundur, oft nefndur „vísindi á vordögum“ hefur jafnan verið haldinn í apríl eða maíbyrjun, en vegna heimfaraldurs COVID-19 reyndist óumflýjanlegt að fresta fundinum til hausts. Ég tel að ég mæli fyrir munn margra þegar ég segi að árið 2019 virðist nú vera svo órafjarri, en engu að síður er ástæða til, þótt seint sé að líta stuttlega yfir farinn veg og spá í spilinn fyrir framtíðina.

Birtum vísindagreinum í erlendum fræðiritum fækkaði lítillega milli árunna 2018 og 2019, en fjöldinn hefur haldist mjög áþekkur undanfarin sex ár (mynd 1). Innlendar fræðigreinar hafa um árabíl verið rétt um tíundi hluti af heildarfjölda vísindalegra birtinga, sem undirstrikar hið alþjóðlega eðli rannsókna á sviði heilbrigðisvísinda. Fjöldi umsókna um leyfi til vísindarannsókna má líta á sem vísbendingu um áhuga og áform rannsakenda á spítalanum. Þar er staðan nokkuð stöðug; á árinu 2019 hélt fjöldi leyfa frá vísindasiðanefnd og siðanefnd LSH svipaður og undanfarin ár, en umsóknum til siðanefndar stjórnsýslurannsókna fækkaði nokkuð (mynd 2).

Mikilvægi spítalans sem vísinda- og kennslustofnunar fyrir nema í heilbrigðisvísindum sést ljóslega á mynd 3, en þar má sjá yfirlit um þróun á fjölda meistara- og doktorsnema sem stunda rannsóknir sínar að hluta eða öllu leyti hér. Má þar sjá ánægjulega aukningu á fjölda doktorsnema undanfarin ár. Rannsóknir á sviði heilbrigðisvísinda eru oft afar kostnaðarsamar, enda eru þær gjarnan mannaflafrekar og notast er við dýr efni og tækjabúnað. Því miður virðist ekki gert ráð fyrir þessari

staðreynd þegar fjárframlög til rannsókna eru ákveðin eins og sjá má glögglega af afar lágu úthlutunarhlutfalli Rannsóknasjóðs á árinu 2019. Það er því ánægjulegt að sjá þá jákvæðu þróun í styrkjumálum við spítalann á síðasta ári sem sýnd er á mynd 4. Þar kemur fram aukning á innlendum og erlendum styrkjum sem vísindamenn á spítalanum öfluðu, auk þess sem bætt var í vísindasjóð Landspítala á árinu 2019. Nam heildarfjárhæð þessara styrkja alls um 433 milljónum króna.

Í árslok 2019 hófst staðbundinn faraldur í Kína með nýrri kórónuveiru sem síðan náði að breiðast út um allan heim og barst til Íslands í febrúarlok. Á þeim tíma sem liðinn er frá því að fyrsti sjúklingurinn greindist með hinn nýja sjúkdóm COVID-19 hér á landi, höfum við fylgst með og tekið þátt í að bregðast við þeim síbreytilegum áskorunum sem heimfaraldurinn fylgja. Þar hefur gildi vísindalegra vinnubragða sannað gildi sitt. Margir af lykilstarfsmönnum spítalans í baráttunni við veiruna hafa hlotið vísindalega þjálfun hér á spítalanum sem hefur nýst í klínískri vinnu, jafnt sem við skipulag starfseminnar og til þekkingarsköpunar sem miðlað hefur verið til umheimsins. Þannig hefur heimfaraldurinn COVID-19 fært okkur heim sanninn um gildi samvinnu þvert á landamæri, stofnanir, fyrirtæki, stétt og stöðu, en einnig um mikilvægi þess að rækt sé lögð við vísindastarf, enda á klínísk þjónusta og rannsóknir að fléttast saman á Landspítala. Á hinn bóginn hefur faraldurinn einnig afhjúpað veikleika stofnana og þjóðfélaga um allan heim og þar erum við ekki undanskilin. Þegar faraldurinn skall á urðum við áþreifanlega vör við skort á mikilvægum tækjum, tækniþekkingu og starfsfólki á ákveðnum sviðum. Á þessa veikleika hefur ítrekað verið bent undanfarin ár en í kjölfar heimfaraldursins hefur verið brugðist við. Vonandi veit það á gott fyrir framtíðina. Í glímunni við áskoranir framtíðar verður vísindaleg menntun og þekking, nýsköpun og sveigjanleiki okkar mikilvægasti höfuðstóll.





## Styrkþegar Vísindasjóðs Landspítala 2019

Styrkþegar Vísindasjóðs Landspítala 2019: Vísindasjóður úthlutaði 87 milljónum króna til 96 vísindarannsóknna á spítalanum. Styrkir voru veittir á uppskeruhátið vísindastarfs Landspítala -Vísindum á vordögum

## Vísindaráð Landspítala

Vísindaráð Landspítala er framkvæmdastjórn til ráðgjafar um vísindastarf á sjúkrahúsinu. Það á við um vísindastefnu spítalans gagnvart háskólastofnunum og einkafyrirtækjum hér á landi og/eða í öðrum löndum. Hlutverk Vísindaráðs er að sjá um kynningu á vísindastarfi sem fram fer á spítalanum. Vísindaráð á aðild að úthlutun styrkja úr Vísindasjóði Landspítala, auk þess að vera til ráðgjafar við veitingu viðurkenninga fyrir vísindastörf á spítalanum.

### Aðalmenn:

Rósa Björk Barkardóttir (formaður), náttúrufræðingur, yfirmaður rannsóknastofu í sameindameinafræði, við meinafræðideild Landspítala og klínískur prófessor við Háskóla Íslands

Anna Margrét Halldórsdóttir, sérfræðilæknir við Blóðbankann, Landspítala og klínískur dósent við Háskóla Íslands.

Guðrún Kristjánsdóttir, hjúkrunarfræðingur, forstöðumaður við Kvenna- og barnaþjónustu Landspítala og prófessor við Háskóla Íslands.

Ingibjörg Gunnarsdóttir, næringarfræðingur, deildarstjóri Næringarstofu Landspítala og prófessor við Háskóla Íslands.

Jón Jóhannes Jónsson, yfirlæknir við erfða- og sameindalæknisfræðideild Landspítala og prófessor við Háskóla Íslands.

Jóna Freysdóttir, náttúrufræðingur við ónæmisfræðideild Landspítala og prófessor við Háskóla Íslands.

Ragnar Freyr Ingvarsson, sérfræðilæknir við lyflækninga- og endurhæfingarþjónustu Landspítala.

Sigríður Zöega, sérfræðingur í hjúkrun á Landspítala og lektor við Háskóla Íslands.

Þorvarður Jón Löve, sérfræðilæknir við Vísindadeild Landspítala og dósent við Háskóla Íslands

Þórdís Katrín Þorsteinsdóttir, hjúkrunarfræðingur, deildarstjóri við meðferðarsvið Landspítala og dósent við Háskóla Íslands

### Varamenn:

Auðna Ágústsdóttir hjúkrunarfræðingur, tilnefnd af hjúkrunarráði Landspítala 2018

Inga Reynisdóttir náttúrufræðingur og klínískur prófessor, skipuð af forstjóra Landspítala 2018

Ingibjörg Jóna Guðmundsdóttir læknir og lektor, tilnefnd af læknaáráði Landspítala 2018

María Kristín Jónsdóttir sálfræðingur og dósent, skipuð af forstjóra 2019

Rannveig Jóna Jónasdóttir, hjúkrunarfræðingur og lektor, tilnefnd af hjúkrunarráði Landspítala 2019

Sif Ormarsdóttir, læknir, tilnefnd af læknaáráði Landspítala 2016

Sigurður Guðjónsson læknir, tilnefndur af læknaeild Háskóla Íslands 2017

Valtýr Stefánsson Thors, læknir og aðjúnkt, tilnefndur af læknaeild Háskóla Íslands 2019

Þór Eysteinnsson, náttúrufræðingur, skipaður af forstjóra Landspítala haust 2019

Þórunn Scheving Elíasdóttir, hjúkrunarfræðingur og lektor, tilnefnd af hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands 2019

Vísindaráð Landspítala er skipað tíu einstaklingum til fjögurra ára í senn.

### Starfsmaður vísindaráðs:

Valgerður Margrét Backman, náttúrufræðingur

## Heiðursvísindamaður Landspítala 2019

Helga Jónsdóttir var útnefnd heiðursvísindamaður Landspítala 2019 á Vísindum á vordögum 2. maí og fær 400 þúsund króna heiðursfé.

Helga er prófessor í hjúkrunarfræði við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands og forstöðumaður hjúkrunar langveikra fullorðinna í samtengdri stöðu á Landspítala. Hún lauk doktorsprófi í hjúkrunarfræði frá Háskólanum í Minnesota árið 1995.

Helga hefur einkum fengist við eigindlegar og megindlegar rannsóknir á reynslu, einkennum og líðan fólks með ýmsa langvinna sjúkdóma, einkum lungna- og taugasjúkdóma og fjölskyldna þeirra, ásamt því að þróa og prófa hjúkrunarþjónustu byggða á samráði fyrir þessa einstaklinga. Rannsóknirnar eru unnar í samvinnu fjölda vísindamanna innanlands og erlendis og hafa birst ríflega 70 ritrýndar tímaritsgreinar byggðar á þessum og fleiri rannsóknum.

Þrjú hjúkrunarfræðingar hafa lokið doktorsprófi undir leiðsögn Helgu og nokkrir í doktorsnámi. Hjúkrunarfræðingar sem lokið hafa meistaraþrófi undir hennar leiðsögn eru á þriðja tug. [Nánar](#)



Helga Jónsdóttir heiðursvísindamaður Landspítala 2019

### Rannsóknarverkefni í vinnslu:

Inntak og árangur samráðs til eflingar heilbrigðis einstaklinga með LLT og fjölskyldum þeirra. Styrkt af Rannsóknarsjóði H.Í., Vísindasjóði LSH og B-hluta Vísindasjóðs Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga.

Klínískt mat og meðferð einstaklinga með gaumstol og fjölskyldur þeirra. Samstarfsverkefni H.Í., LSH og sjúkrahúsa í Litháen og Danmörku.

Þróun og mat á ActivABLES tækjabúnaðinum fyrir einstaklinga með heilablóðfall. Styrkt af NordForsk.

Ákvörðunartaka um lífslokameðferð taugasjúklinga á sjúkrahæð. Styrkt af Vísindasjóði LSH og Rannsóknasjóði Ingibjargar R. Magnúsdóttur.

## Ungur vísindamaður ársins 2019

Þórir Einarsson Long var útnefndur ungur vísindamaður Landspítala á Vísindum á vordögum 2. maí 2019 og fær 200 þúsund króna heiðursfé.

Þórir er fæddur 1989 og útskrifaðist með kandidatspróf í læknisfræði við Háskóla Íslands 2015. Hann lauk kandidatsári á Landspítala 2016 og hefur síðan þá starfað sem sérnámslæknir á lyflækningasviði Landspítala.

Í kjölfar BSc rannsóknarverkefnis í læknisfræði 2012 fékk Þórir mikinn áhuga á klínískum rannsóknum og þar má sérstaklega þakka áhugahvetjandi og drifandi leiðbeinendum. Hann vann í rannsóknum meðfram læknánámi og kandidatsári og hóf síðan formlega doktorsnám við Háskóla Íslands vorið 2016.

Doktorsvörn Þóris fór fram í desember 2019. Titill doktorsverkefnisins er: „Bráður nýrnaskaði - Nýgengi, áhættuþættir, endurheimt nýrnastarfsemi og lífun.“ Leiðbeinendur hans við verkefnið voru Gísli H. Sigurðsson, Ólafur Skúli Indriðason og Martín Ingi Sigurðsson en auk þeirra sátu í doktorsnefnd hans Runólfur Pálsson og Tómas Guðbjartsson. [Nánar](#)



Þórir Einarsson Long, ungur vísindamaður Landspítala 2019.

Þórir hefur kynnt rannsóknir sínar á mörgum ráðstefnum bæði hérlendis og erlendis og hefur meðal annars fengið styrki frá Vísindasjóði Landspítala.

## Styrkveiting úr Verðlaunasjóði Þórðar Harðarsonar

Verðlaunasjóður Þórðar Harðarsonar og Árna Kristinssonar veitti Runólfi Pálssyni yfirlækni verðlaun á árlegri uppskeruhátíð vísindastarfs á Landspítala; Vísindum á vordögum. Runólfur er mjög öflugur vísindamaður og hefur birt rúmlega 130 vísindagreinar auk bókarkafla og aðildar að liðlega 300 ágripum sem kynnt hafa verið á vísindapungum. Runólfur á sæti í ritstjórn Journal of Nephrology og sat áður í ritstjórn Clinical Journal of the American Society of Nephrology um árabil. Einnig hefur Runólfur verið einn af ritstjórum og ábyrgðarmönnum Handbókar í lyflækisfræði.

Meginviðfangsefnin Runólfs hafa verið faraldsfræði og erfðafræði langvinnis nýrnasjúkdóms annars vegar og nýrnasteinasjúkdóms hins vegar. Helstu samstarfsmenn hans á Landspítala í rannsóknum eru Ólafur Skúli Indriðason og Viðar Örn Eðvaldsson. Auk þess hefur hann verið í miklu samstarfi við starfsmenn á innlendum og erlendum rannsóknastofnunum má þar nefnda Hjartavernd, Íslensk erfðagreining, Mayo Clinic, New York University í Bandaríkjunum.

Verðlaunin nema fimm milljónum króna og eru einhver stærstu verðlaun sem veitt eru fyrir vísindastörf hér á landi.

Verðlaunin nema fimm milljónum króna og eru einhver stærstu verðlaun sem veitt eru fyrir vísindastörf hér á landi. [Nánar](#)



Runólfur Pálsson yfirlæknir ásamt Páli Matthíasson forsjóra Landspítala



Stefanía Bjarnason, Daði Helgason og Sólveig Anna Aðalsteinsdóttir fengu ferðastyrk

## Ferðastyrkir fyrir þrjú bestu veggspjöldin

Eftirtaldir þrjú vísindamenn fengu ferðastyrki vísindaráðs Landspítala fyrir veggspjöld sín á Vísindum á vordögum 2019:

Daði Helgason fyrir verkefnið „Bráður nýrnaskaði í kjölfar hjartaaðgerða og kransæðaþræðinga“. Rannsóknin er hluti af doktorsverkefni Daða Helgasonar en hann er sérnámslæknir á lyflækningasviði Landspítala og doktorsnemi við læknadeild Háskóla Íslands. Daði mun verði doktorsritgerð sína 7. júní 2019. Aðalleiðbeinandi Daða í rannsókninni var Tómas Guðbjartsson prófessor.

Stefanía Bjarnason fyrir verkefnið „Ónæmisglæðirinn LT-K63 eykur tíðni T hjálparfrumna með að draga úr virkni stýrifrúma í nýburamúsum“. Stefanía er dósent í ónæmisfræði við læknadeild Háskóla Íslands og sérfræðingur á ónæmisfræðideild Landspítala.

Sólveig Anna Aðalsteinsdóttir fyrir verkefnið „Er hægt að skilgreina áhættuhóp fyrir jodskort með því að spyrja um matarval í byrjun meðgöngu?“ sem er hluti af stærri PREVICE II rannsókninni. Sólveig Anna er meistaranemi í næringarfræði í Háskóla Íslands. Leiðbeinandi hennar var Ingibjörg Gunnarsdóttir prófessor. [Nánar](#)



Styrkhafor Vísindasjóðs Landspítala sem hlutu styrk til klínískra rannsókna á spítalanum.

## Ungir vísindamenn styrktir til klínískra rannsókna

Níu ungum starfsmönnum Landspítala voru afhentir styrkir til klínískra rannsókna úr Vísindasjóði Landspítala með athöfn þriðjudaginn 10. desember 2019. Styrkirin námu allt að 1,5 milljónum króna og voru 11 milljónir króna í heild. Við afhendinguna gerðu ungu vísindamennirnir grein fyrir fjölbreyttum rannsóknarverkefnum sínum.

Sigríður Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar á Landspítala, hélt erindi við afhendinguna.

**Aron Hjalti Björnsson** sérnámslæknir, lyflæknir

**Rannsókn:** Áhrif TNFa hemla á sýklalyfjanotkun sjúklinga með iktsýki.

**Meðumsækjandi:** Þorvarður Löve sérfræðilæknir, vísindadeild og Björn Guðbjörnsson sérfræðilæknir, lyflæknir.

**Ástríður Pétursdóttir** sérnámslæknir, skurðlæknir

**Rannsókn:** Áhættuþættir, nýgengi, meðferð og lifun sjúklinga með djúpa sykingu eða rof í bringubeinsskurði eftir opnar hjartaskurðaðgerðir.

**Meðumsækjandi:** Tómas Guðbjartsson, prófessor og yfirlæknir, skurðlæknir. Aðrir samstarfsmenn: Sigurjón Ragnar Rögnvaldsson læknir, Sjúkrahúsinu í Helsingborg og Alexander Emil Kaspersen læknanemi, Háskólanum í Árósum.

**Helgi Kristinn Björnsson** sérnámslæknir, lyflæknir

**Rannsókn:** Áhættuþættir fyrir lífraskaða af völdum TNF-alpha hemla.

**Meðumsækjandi:** Einar Stefán Björnsson yfirlæknir, lyflæknir. Aðrir meðumsækjendur og samstarfsmenn: Björn Guðbjörnsson sérfræðilæknir, lyflæknir og Gerður Gröndal yfirlæknir, lyflæknir.

**Íris Kristinsdóttir** kandiðat, lyflæknir

**Rannsókn:** Bráðar garnasýkingar hjá ungum börnum á Íslandi - forsendur fyrir bólusetningu gegn rotaveiru?

**Meðumsækjendur:** Valtýr Thors sérfræðilæknir, barnalæknir og Ásgeir Haraldsson, prófessor og yfirlæknir, barnalæknir. Aðrir samstarfsmenn: Arthur Löve yfirlæknir, sýkla- og veirufraedi og Sigurður Kristjánsson sérfræðilæknir, barnalæknir.

**Judith Amalía Guðmundsdóttir** sérfræðilæknir, barnalæknir

**Rannsókn:** Upplifun verkja, dagleg athafnageta, líkamleg virkni og lífsgæði barna með barnagigt á Íslandi og upplifun foreldra af heilbrigðisþjónustu og líðan barna sinna.

**Aðrir meðumsækjendur og samstarfsmenn:** Drifa Björk Guðmundsdóttir sálfræðingur, geðþjónusta, Sólrún Kamban hjúkrunarsérfræðingur, göngudeildarþjónusta Barnaspítala Hringins og Erla Kolbrún Svavarsdóttir forstöðumaður, framkvæmdastjóri hjúkrunar, Þjóðbjörg Guðjónsdóttir lektor, námsbraut í sjúkrapjálfun HÍ og Auður Kristjánsdóttir og Svanhildur Arna Óskarsdóttir nemar, námsbraut í sjúkrapjálfun HÍ og Zinajda Alomerovic Licina, félagsráðgjafi í barnagigtarteymi Barnaspítala Hringins.

**Kristján Torfi Örnólfsson** sérnámslæknir, lyflæknir

**Rannsókn:** Lýðgrunduð rannsókn á áhættu á primary biliary cholangitis meðal sjúklinga með mótefni gegn mótefnavökum hvatbera en ekki önnur merki um sjúkdóminn.

**Meðumsækjandi:** Sigurður Ólafsson sérfræðilæknir, lyflæknir.

**Sigríða Lea Gunnlaugsdóttir** sérnámslæknir, lyflæknir

**Rannsókn:** Liðsýkingar á Íslandi 2003-2017.

**Meðumsækjandi:** Magnús Gottfreðsson yfirlæknir, vísindadeild. Aðrir meðumsækjendur og samstarfsmenn: Helga Erlendsdóttir lífeindafræðingur, sýkla- og veirufraedi, Kristján Orri Helgason sérfræðilæknir, sýkla- og veirufraedi og Sigurður Guðmundsson sérfræðilæknir, lyflæknir.

**Telma Huld Ragnarsdóttir** sérnámslæknir, lyflæknir

**Rannsókn:** Bráður nýrnaskaði á bráðamóttöku, framsýn tilfelliðum rannsókn.

**Meðumsækjandi:** Ólafur S. Indriðason sérfræðilæknir, lyflæknir. Aðrir meðumsækjendur og samstarfsmenn: Runólfur Pálsson, læknir og forstöðumaður, lyflæknir og Vicente Sancha-Brunete Ingelmo sérfræðilæknir, bráðalæknir.

**Þórður Páll Pálsson** sérnámslæknir, skurðlæknir

**Rannsókn:** Árangur meðferðar við lokastigsnýrnabilun á Íslandi 2000-2018.

**Meðumsækjandi:** Runólfur Pálsson læknir og forstöðumaður, lyflæknir.

## Minninga- og gjafasjóður Landspítala

Minninga- og gjafasjóður Landspítala veitti Bertrand Andre Marc Lauth geðlækni tveggja milljóna króna vísindaverðlaun á árlegri uppskeruhátíð vísindastarfs á Landspítala; Vísindum á vordögum til verkefnisins; Mataræði, þarmaflóra og geðheilbrigði barna og unglínga. Langtíma, tilfella-viðmiða athugunar-rannsókn: Blóðmælingar (bólguflærki og næringarástand) forrannsóknarinnar. Þýðing og aðlögun Rome IV spurningalista Rafræn uppsetning matslista á geðrænum. [Nánar](#)

*Bertrand Andre Marc Lauth geðlækni hlaut tveggja milljóna króna vísindaverðlaun*



## Merking greina

Vísindavirkni Landspítala verður sýnilegri með rétttri merkingu og skráningu greina og auðveldar leit í gagnagrunnum. Landspítali - The National University Hospital of Iceland er heiti spítalans á ensku og þannig ber að merkja vísindagreinar. Stundum merkja höfundar greinar sínar einungis Háskóla Íslands eða jafnvel hvorugri stofnuninni. Þar sem það á við á að merkja greinar sínar báðum stofnunum, t.d. Faculty of Medicine, University of Iceland, Reykjavik, Iceland and Landspítali - The National University Hospital of Iceland.

## Opinn aðgangur

Starfsmenn eru eindregið hvattir til að birta greinar sínar í opnum aðgangi. Það eykur mjög lestur greinanna og tilvísanir í þær en þannig hækkar h-index höfunda í Web of Science. Einnig flytjst það útbreiðslu þekkingarinnar og vísindavirkni Landspítala verður sýnilegri.

# Nýjar vísindarannsóknir á Landspítala árið 2019

## Úthlutun vorstyrkja Vísindasjóðs Landspítala var 84 miljónir til 96 verkefna

Afleiðing höfuðhöggs hjá íþróttakönnum, möguleg vanstarfsemi á heiladingli, taugasálfræðileg skerðing og lífsgæði. Helga Agústa Sigurjónsdóttir, Lára Ósk Eggertsdóttir Claessen, María Kristín Jónsdóttir.

Aldurshrórnun bakvið mynd: Þróuð greining á vöðvarýrnun og tengdum áhættuþáttum úr tölvusneiðmyndum". Paolo Gargiulo.

Algeni meningókokka í nefkoki eða koki hjá íslenskum börnum og ungmennum - ræktanir og hjúpgreining. Ásgeir Haraldsson, Valtýr Thors, Gunnsteinn Haraldsson, Karl Kristinsson, Helga Erlendsdóttir, Íris Kristinsdóttir.

Alþjóðlegur næringardagur 2019 (NutritionDay), á lyflækningasviði Landspítala. Áróra Ingadóttir, Ingibjörg Gunnarsdóttir.

Andleg og líkamleg heilsa foreldra eftir útskrift barns af gjörgæsludeild, utan- eða innanlands, vegna alvarlegs meðfæðs hjartagalla. Guðrún Kristjánsdóttir, Bryndis Jóhannsdóttir.

Áhrif BRCA1-breytingarinnar c.4096+3A>G á líkindi til myndunar krabbameins. Aðalgeir Arason, Rósa Björk Barkardóttir, Bjarni Agnar Agnarsson.

Áhrif erfðabreytileika á brisbólgu af óþekktum toga. Einar Stefán Björnsson.

Áhrif microRNA sem stjórna PI3K/Akt boðleið á horfur brjóstakrabbameinssjúklinga. Inga Reynisdóttir, Rosa Björk Barkardóttir, Bjarni Agnar Agnarsson.

Áhrif ónæmsglæða á stýrisfrumur og myndun ónæmsmínnis í nýbura músum. Stefania P. Bjarnarson, Ingileif Jónsdóttir.

Ákvörðunartaka um lífslokameðferð á taugalækningadeild Landspítalans. Helga Jónsdóttir, Guðrún Jónsdóttir.

Árangur rað-seguldurvarnar sem meðferð við viðvarandi raddir í heyrnarofskynjunum. Magnús Haraldsson.

Árangur vefjasýnatöku í gegnum berkuvegg (transbronchial lung biopsy) við greiningu staðbundinna og dreifðra lungnasjúkdóma á Íslandi. Steinn Jónsson, Martin Sigurðsson.

Beinbrot í mergæxli. Sigurður Yngvi Kristinsson.

Berkjuskúll á Íslandi. Gunnar Guðmundsson.

Bláæðasegar í sjúklingum með mergæxli og fengið hafa meðferð með thalidomíði eða lenalidomíði; svörum við meðferð, lífun og áhrif heparíns. Safngreining byggð á þrettán slembiröðuðum klíniskum rannsóknum. Sigurður Yngvi Kristinsson, Kristrún Aradóttir.

Blóðþurrð í lífur og brisi meðal sjúklinga á gjörgæsludeild: nýgengi, áhættuþættir, meðferð og afdrif. Einar Stefán Björnsson, Helgi Kristinn Björnsson.

Bólguhjöhöndun: Ákvörðun lykilsameinda á náttúrulegum drápsfrumum og daufkyrnungum. Jóna Freysdóttir.

BRCA2 tengdar skemmdar DNA sameindir í líkamsvökvum. Jón Jóhannes Jónsson.

Breyting í efnaskiftaferlum við fjölgun og beinsérhæfingur mesenchymal stofnfruma: Leit að nýjum kennimörkum fyrir beinsérhæfingu. Ólafur Sigurjónsson.

Bætt greining samfélagslungnabólgu á Landspítala. Magnús Gottfredsson.

Eiginleikar pneumókokka með minnkað næmi fyrir penisillíni af hjúpgærdum sem ekki eru í pneumókokkabóluefni. Martha Ásdís Hjálmarisdóttir, Karl Kristinsson, Gunnsteinn Haraldsson, Helga Erlendsdóttir.

Erfðafræðileg nálgun á faraldsfræði arfbundinnar kólesterólhækkunar á Íslandi. Eyþór Björnsson, Karl Andersen.

Euro-SpA: Sam-evrópskt skráarverkefni um sóragigt og hryggjikt. Björn Guðbjörnsson, Þorvarður Löve, Árni Geirsson.

Faraldsfræði ifarandi Haemophilus influenzae á Íslandi frá upphafi bólusetninga gegn Hib. Gunnsteinn Haraldsson.

Faraldsfræði og erfðir lungnatrefjunar. Gunnar Guðmundsson.

Faraldsfræði og horfur trópónín-hækkunar eftir skurðaðgerðir á Íslandi. Martin Sigurðsson, Daði Helgason, Ingibjörg Guðmundsdóttir, Sigurbergur Kárason.

FODMAP matataræði fyrir einstaklinga með iðraólgu. Fýsileiki og hagkvæmi næringarmeðferðar. Ingibjörg Gunnarsdóttir.

Forprófun á EORTC QLQ-HDC29 spurningalistanum. Lífsgæði sjúklinga með illkynja blóðsjúkdóma og krabbamein sem gangast undir háskammta krabbameinslyfjameðferð með eigin stofnfrumuigræðslu. Sigríður Zoéga, Halla Grétarsdóttir, Þórunn Sævarsdóttir, Anna Kristín B. Jóhannesdóttir.

Forspárgildi efna í mænuvökva nýbura með heilaskaða; Tengsl við alvarleika sjúkdómsástands og langtímahorfur. Kristín Leifsdóttir, Ásgeir Haraldsson.

Fósturköfnun á Íslandi – nýgengi, orsakir og afdrif barnanna. Þórður Þórkelsson.

Framsýn stökkbreytiskimun til að uppgötva nýja meðferðarmöguleika fyrir Kabuki heilkenni. Hans Björnsson.

Framvirk rannsókn á Lewy sjúkdómi og vitrænni skerðingu í Parkinson sjúkdómi. Jón Snædal.

Gagnreynt mat á kvíðaröskunum hjá börnum og unglingum. Orrí Smárason.

Gagnsemi sjónhimnu súrefnismælinga við mat á súrefnismettun í systemísku slagæðablóði. Þórunn Scheving Elíasdóttir, Ólöf Ólafsdóttir.

Gildi markvissrar einstaklingsmiðaðrar nálgunar (precision medicine) í hjartalækningum. Davíð O. Arnar, Runólfur Pálsson, Bára Dís Benediktsdóttir, Hans Björnsson.

Greining áhrifa á geymsluskemmdir í blóðflögum við 4°C geymslu. Ólafur Sigurjónsson.

Greining og meðferð slasaðra og bráðveikra á vegum Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Hjalti Már Björnsson, Ragna Sif Árnadóttir.

Heilahristingur meðal íþróttakvenna: EEG og skoðun á háls hrygg og jafnvægi. María Kristín Jónsdóttir.

Helstu gæðavísar og árangur á göngudeild barna og unglínga með sykursýki á Íslandi. Ragnar Bjarnason, Elísabet Konráðsdóttir.

Hlutverk ARID5B gensins í myndun bráða eitilfrumuhvitblæðis í börnum. Jón Þór Bergþórsson.

Hlutverk ECM1 í nýmyndun æða og framvindu brjóstakrabbameina. Þórarinn Guðjónsson, Bylgja Hilmarsdóttir.

Hlutverk LL-37 í meingerð sóra. Björn Rúnar Lúðvíksson, Jóna Freysdóttir.

Hlutverk PLD2 í brjóstakrabbameinum. Bylgja Hilmarsdóttir, Þórarinn Guðjónsson.

Hugræn innsæisþjálfun með hugrænni atferlismeðferð (HI-HAM): slembiröðuð meðferðarprófun fyrir ungt fólk með byrjandi geðrofsjúkdóma. Ólína Víðarsdóttir, Brynja Björk Magnúsdóttir, Birta Brynjarsdóttir, Baldur Heiðar Sigurðsson.

ICEGUT: Þarmaflóra ungbarna og efnaskipti örvera: Áhrif mataræðis frá meðgöngu til tveggja ára aldurs. Ingibjörg Gunnarsdóttir.

Innlagnir barna á aldrinum 0-18 ára á gjörgæsludeild LSH á árunum 2006-2015 og líðan foreldra sem átt hafa börn á gjörgæsludeildum LSH á árunum 2016-2017. Guðrún Kristjánsdóttir.

Ifarandi sykingar af völdum Streptókokka af flokki B (GBS) hjá nýburum á Íslandi. Tengsl birtingarmyndar við hjúpgærd, yfirborðsprótein og stofngerð bakteríunnar. Helga Erlendsdóttir, Birta Bæringsdóttir, Þórður Þórkelsson.

Kerfislíffræðileg greining á eflingu ónæmsmínnis nýbura. Stefania P. Bjarnarson.

Kostnaður vegna notkunar á heilbrigðisþjónustu meðal sjúklinga með brjóstverki á hjartagátt: Tengsl við andlega líðan. Erla Svansdóttir, Karl Andersen, Helga Margrét Skúladóttir, Berglind Guðmundsdóttir, Elísabet Benedikz.



Kviðarklofi og naflastrengshaull: nýgengi, sjúkdómsgangur og árangur meðferðar. Þórður Þórkelsson.

Lifun og afdrif minnstu fyrirburanna. Þórður Þórkelsson.

Lífsstíll, áhættuþættir og sjálfsmönnum einstaklinga með kransæðasjúkdóm (KRANS rannsóknin). Brynja Ingadóttir.

Líkan sem spáir fyrir um blæðingu frá meltingarvegi hjá sjúklingum á blóðþynningu. Jóhann Páll Hreinsson.

Metabólismi í blóðflögum við virkjun og geymslu þeirra. Ólafur Sigurjónsson.

Mikilvægi hrota og öndunarstoppa fyrir andlega og líkamlega heilsu barna. Michael Clausen, Erna Sif Arnadóttir, Sigurveig Sigurðardóttir, Gunnar Guðmundsson

Millivæslunabreytingar í AGES rannsókn. Gunnar Guðmundsson.

Mótefnasvörun influensubólusetninga offeitra barna, Valtýr Thors, Ásgeir Haraldsson, Tryggvi Helgason, Arthur Löve, Íris Kristinsdóttir.

Munur á erfðafæðilegum eiginleikum sjúklinga með sjálfsprottna sjálfsöfnæmisliðarþöngu og sjálfsöfnæmisliðarþöngu sem orsakast af ónæmisbælandi lyfjum. Einar Stefán Björnsson, Helgi Kristinn Björnsson.

Mælingar á blóðsykri hjá nýburum á kvennadeild Landspítalans og Barnaspítala Hringins. Þórður Þórkelsson.

Mögulegar orsakir undirliggjandi B-frumu galla IgA skorts og tengsl þeirra við aðra meðfædda mótefnagalla. Björn Rúnar Lúðvíksson, Siggeir Brynjólfsson.

Nánari greining á metabóliskum breytingum sem eiga sér stað við geymslu rauðfrumubýkna: Leiðir til að skilja myndun geymsluskemmda. Ólafur Sigurjónsson.

Notkun GigtRáðs sem klínískt stuðningskerfi við greiningarferli sjálfónæmis- og gigtarsjúkdóma. Björn Rúnar Lúðvíksson.

Notkun há-þéttleika heilalinurits (EEG) til að kortleggja virkni heilabarkar og endurröðun þess í kjölfar aflímunar neðri útlíms. Paolo Gargiulo.

Notkun úthljóðstraumlindarmyndgerðar til að fylgjast með raförvun aftagaðra vöðva. Þórður Helgason.

Nordic Consortium for Acute Type A Aortic Dissection (NORCAAD). Tómas Guðbjartsson.

Nýgengi alvarlegra aukaverkana frá taukakerfi við lyfjameðferð með líftækni lyfjum hjá sjúklingum með iktsyki, sóragigt og hryggikt. Lýðgrunduð áhorfsrannsókn innan Norðurlandanna. Björn Guðbjörnsson, Gerður Gröndal.

Nýgengi alvarlegra blæðinga og blóðsegamyndunar hjá sjúklingum á hinum nýju blóðþynningarlyfjum borið saman við warfarín á Íslandi 2012 – 2014. Einar Stefán Björnsson.

Næringarástand barnshafandi kvenna á Íslandi. Einstaklingsmiðuð næringarmeðferð á meðgöngu. Ingibjörg Gunnarsdóttir.

Ónæmiskerfi beinmergs. Siggeir Brynjólfsson, Julie Elm Heintz, Björn Rúnar Lúðvíksson.

Rannsókn á hlutverki ATL gens í þróun brjóstakrabbameins. Rosa Björk Barkardóttir, Bylgja Hilmarsdóttir, Inga Reynisdóttir.

Rannsókn á langtíma raförvun mænu með yfirborðsrafskautum, færniþættandi áhrif á síspennu (spasma). Þórður Helgason.

Rannsókn á samloðunar- og virkjunareiginleikum blóðflögueininga sem unnar eru úr heilblóði sjúklinga með nýgreinda eða meðhöndlaða arfgenga járnoffleðslu og geymdar í viðbótarlausn. Anna Margrét Halldórsdóttir, Ólafur Sigurjónsson, Páll Torfi Öndarson.

Rannsóknir á rammleika lungnaþekju. Sigurbergur Kárason.

Rottumódel til að rannsaka arfgenga heilablæðingu. Hans Björnsson.

Saga um sjálfsöfnæmisjúkdóma veldur ekki aukinni áhættu á framgangi góðkynja einstofna mótefnahækkunar. Sigurður Yngvi Kristinsson, Þorvarður Löve.

Samanburðarrannsókn á áhrifum markvissrar hreyfingar, til viðbótar við vitræna endurhæfingu með félagskilningsþjálfun, á vitræna getu, liðan og færni í daglegu lífi hjá einstaklingum með geðrofsjúkdóma. Brynja Björk Magnúsdóttir, Baldur Heiðar Sigurðsson, Thelma Sif Kristjánsdóttir.

Samanburður á meðferðarhæðni hjá sjúklingum á meðferð með eldri og nýjum blóðþynningarlyfjum tekin um munn. Einar Stefán Björnsson, Jóhann Páll Hreinsson, Páll Torfi Öndarson.

Sjávarlífverur – leit að ónæmisstýrandi lyfjasprotum. Jóna Freysdóttir.

Skammtasparandi áhrif nýstárlegra ónæmisglæða á ónæmissvör nýburamúsa við bólusetningum. Stefania P. Bjarnarson, Ingileif Jónsdóttir.

Skilgreining nýrra gena sem hafa áhrif á framvindu brjóstakrabbameins. Inga Reynisdóttir.

Stoðnet vegna þrængsla í ristli og endabarmi af völdum krabbameins. Páll Helgi Möller, Margrét Guðrún Ásbjarnardóttir, Elsa Valsdóttir.

Svefngæði og svefnraskanir eftir árstíðum hjá íslenskum geðrofsjúklingum í samanburði við heilbrigða stúdenta. Baldur Heiðar Sigurðsson.

Svipgerð og starfsemi sjónhimnu og litþekju augans í erfðabreyttum músum með stökkbreytingar í Mitf geni. Þór Eysteinnsson.

Svipgerðargreining á nýju músamódeli fyrir Pilarowski-Björnsson heilkenni. Hans Björnsson.

Telomerur og millivæslunabreytingar. Gunnar Guðmundsson.

Tengsl óeðlilegs blóðhags við bráða fylgikvilla og langtíma útkomu eftir skurðaðgerðir. Martin Sigurðsson, Runólfur Pálsson, Sigurbergur Kárason.

Tíðni, áhættuþættir og afleiðingar járnskorts hjá íslenskum blóðgjöfum á tímabilinu 1997 til 2018. Anna Margrét Halldórsdóttir, Þorbjörn Jónsson.

Uppgötvun gena sem miðla kæliviðbragði í mannafrumum. Hans Björnsson.

Uppvinsla og langtíma undirbúningur sjúklinga í bið eftir liðskiptaaðgerð á hné eða mjóðm í samvinnu Heilsugæslu Höfuðborgarsvæðisins og Landspítala Háskólasjúkrahúss. María Sigurðardóttir.

Úttaugamein í langvinnu eitilfrumukrabbameini. Sigurður Yngvi Kristinsson.

Úttaugamein og forstíg mergæxlis (MGUS). Sigurður Yngvi Kristinsson.

Vefjaræktun og hönnun nýrra meðferðarræða fyrir brisartilskrabbamein. Bylgja Hilmarsdóttir, Inga Reynisdóttir, Þórarinn Guðjónsson, Rósa Björk Barkardóttir.

Verkir, vökustig og óráð sjúklinga á gjörgæsludeildum: Afturvirk samanburðarrannsókn. Hrönn Birgisdóttir, Rannveig J. Jónasdóttir.

Vitrænt mat og endurhæfing ungs fólks eftir geðrof. Engilbert Sigurðsson, Ólína Viðarsdóttir, Berglind Guðmundsdóttir, Brynja Björk Magnúsdóttir.

Þorsti meðal sjúklinga með hjartabilun. Brynja Ingadóttir, Auður Ketilsdóttir.

Þróun á ferlum til beinsérhæfinga frá mesenkimál stofnfrumum með vefjaverkfæðilegum nálgunum. Ólafur Sigurjónsson.

# Siðanefnd heilbrigðisrannsókna samþykkti 54 nýjar rannsóknir á árinu

Afturskyggt ferilrannsókn á einkennum og klínisku ferli íslenskra mænskadasjúklinga og reynsla þeirra af þáttum sem ýmist auka eða minnka líkur á að þeir nái tökum á daglegu lífi. Marianne Elisabeth Klinke hjúkrunarfræðingur og lektor.

Afturskyggn rannsókn á lyfjæitrunum sem komu til meðferðar á Landspítala árið 2018. Freyja Jónsdóttir klínískur lyfjafræðingur.

Algengi augnþurrks meðal sjúklinga á lyflæknisdeild Landspítalans. Freyja Jónsdóttir klínískur lyfjafræðingur.

Alvarlegar afleiðingar barnabiks í legvatni fyrir nýburann. Þórður Þórkelsson yfirlæknir vökudeild.

Ábendingar, öryggi og meðferðarheldni krabbameinslyfjameðferða um munn af flokki próteínkinasahemla. Þórunn Kristín Guðmundsdóttir klínískur lyfjafræðingur.

Áhrif vancomycins og aminóglýkósíða notkunar hjá börnum á nýrnastarfsemi. Valtýr Stefánsson Thors sérfræðingur í barnasmitsjúkdómum.

Áhrif þjálfunar hreyfikerfis öndunar eftir hjáveituaðgerð á hjarta á lungnarárúmmál, öndunarhreyfingar og styrk öndunarvöðva. Forkönnun. Bjarni Torfason yfirlæknir.

Árangur og fylgikvillar af gangráðs, bjargráðs og tvíslaglagangráðsmeðferð á Íslandi 2014-2018. Sigfús Órvar Gizurarson yfirlæknir.

Botnlangaómun gæti verið ásætlanleg rannsókn sem getur leyst af hólmi tölvusneiðmynd af kviðarholi, Retrospective Case Control Study. Gunnar Andrésón deildarlæknir.

Breyting á skjólstæðingahópi minnismóttökunnar á Landakoti: lyðfræðileg samsetning, greiningar og taugasálfræðileg mynstur. María Guðnadóttir sálfræðingur.

Effectiveness of acupuncture as a complimentary therapy for insomnia, symptoms of anxiety, stress and depression as well as cravings for substance use as experienced by service users of rehabilitation mental health services in hospital settings. Helga Sif Friðjónsdóttir hjúkrunardeildarsjóri.

Endurkomur og endurinnlagnir skurðsjúklinga á LSH. Brynja Ingadóttir lektor og sérfræðingur í hjúkrun.

Functional electrical stimulation effect on gait speed in drop foot patients: a single center retrospective study. Guðbjörg Kristín Ludvígsdóttir, endurhæfingarlæknir og aðjúnt.

Gagnsemi mælingar á s-tryptasa hjá sjúklingum á bráðamóttöku með bráð ofnæmiseinkennum. Hjalti Már Björnsson bráðalæknir.

Genetic counselling experience of web-based return of BRCA2 results, in Iceland. Vigdís Stefánsdóttir erfðaráðgjafi.

Gæði hefðbundinna röntgenrannsókna við greiningu á áverkum í efrí háls hryggnum. Halldór Jónsson jr yfirlæknir og prófessor.

Heilaáfall (e.stroke) í börnum á Íslandi 1997-2018. Sigurður Einar Marelsson barnalæknir.

Hreinsun Immune complexa úr blóði sjúklinga með komplementkort (classical pathway). Skráning breytinga í blóði við plasmagjöf. Kristján Erlendsson læknir.

Hugræn innsæisþjálfun með hugræni atferlismeðferð (HI+HAM): slambíroðuð meðferðarprófun fyrir ungt fólk með byrjandi geðrofsjúkdóm. Brynja B Magnúsdóttir sálfræðingur og lektor.

Komur og endurkomur 67 ára og eldri á bráðamóttöku Landspítala – lyðfræði, ástæður koma og áhrif eftirfylgdar. Þórdís Katrín Þorsteinsdóttir forstöðumaður og dósent.

Könnun á notagildi "Longitudinal Plots" við mat á næringarmeðferð sjúklinga með arfgenga efnaskiptasjúkdóma. Leifur Franzson deildarlfjfræðingur.

Meðferð með líftæknilyfjum við fylgiliðagigt; meðferðarárangur og meðferðaröryggi. Björn Guðbjörnsson sérgreinalæknir og prófessor.

Músíkmeðferð einstaklinga með heilabilunarsjúkdóm: sjáanlegar vísbendingar um líðan. Ingibjörg Hjaltadóttir sérfræðingur í hjúkrun.

Myndgreining á Vökudeild - Úttekt á verkerlum við röntgenmyndatöku af börnum í hitakassa. Alda Steingrimsdóttir gæðastjóri og geislafræðingur.

Mæling QT-bils hjá ungu fólki með geðrofsjúkdóma. Halldóra Jónsdóttir yfirlæknir.

Notkun og áhrif SSRI þunglyndislyfja á meðgöngu á meðal kvenna á Ísland. Snjólaug Sveinsdóttir sérfræðingur í barnalækningum.

Næringarástand fyrir og eftir efnaskiptaaðgerðir á Landspítala. Ingibjörg Gunnarsdóttir prófessor.

Próffræðilegir eiginleikar Stages of Change Readiness and Treatment Eagerness Scale (SOCRATES) og University of Rhode Island Change Assessment (URICA). Baldur Heiðar Sigurðsson sálfræðingur.

Reynsla maka einstaklinga með hreyfitaugungahrönnunarsjúkdóm (MND) frá greiningu til andláts: Eigindleg viðtöl. Marianne Elisabeth Klinke hjúkrunarfræðingur og lektor.

Rétt staðsetning barkarennu við nös hjá nýburum. Þórður Þórkelsson yfirlæknir.

Samanburður á meðferð kalsíumlækkunar eftir heildarskjaldnám fyrir og eftir upptöku breyttra verklagsreglna eftir aðgerð. Geir Tryggvason læknir.

Samanburður á tjáningu mótefnanna C-kit, DOG-1 og PDGFRA í strómaæxlum í meltingarvegi (GIST). Ásbjörg Ósk Snorradóttir lífeindafræðingur.

Skurðaðgerðir við loftbrjóst á Landspítala á árunum 1991-2018 – árangur og fylgikvillar. Tómas Guðbjartsson sérfræðingur.

Staða fyrirbyggjandi sýklalyfjagjafa á Landspítala, hjá sjúklingum sem fara í brjóstnáms- og uppbyggjaraðgerð með ígræði. Eru fyrirbyggjandi sýklalyfjagjafir á Landspítala í samræmi við ráðleggingar LSH og alþjóðlegar leiðbeiningar? Pétur S. Gunnarsson lyfjafræðingur.

Svefngæði og svefnraskanir eftir árstíðum hjá ungu fólki með byrjandi geðraskanir samanborið við háskólanemendur. Baldur Heiðar Sigurðsson sálfræðingur.

Tengsl PROMPT bráðaæfinga við útkomu fæðinga á Landspítalanum. Sigfríður Inga Karlsdóttir dósent.

The psychometric properties of Psychosis Attachment Measure (PAM) and Attachment Avoidance in Therapy Scale (AATS) in Iceland and the role of attachment style in psychotic symptom severity and the duration of untreated psychosis. Próffræðilegir eiginleikar PAM og AATS á Íslandi og áhrif geðtengslastíl á alvarleika geðrofsseinkenna og tímalengdar ómeðhöndlaðs geðrofs. Baldur Heiðar Sigurðsson sálfræðingur.

Umfang og tímasetningar nauðungarlyfjagjafa á Íslandi og einkenni sjúklinga sem fá nauðungarlyf. Eyrún Thorstensen hjúkrunarfræðingur.

Viðhorf aðstandenda til þjónustu HERU-sérhæfðar líknarþjónustu Landspítala. Valgerður Sigurðardóttir yfirlæknir.

Þróun og prófun á tölvuleik til að kenna skurðsjúklingum um verkjameðferð eftir skurðaðgerð. Brynja Ingadóttir sérfræðingur í hjúkrun.

Öryggishringurinn (COS-P) - mat á árangri af fræðslu- og stuðningshóp fyrir foreldra. Erla Kolbrún Svavarsdóttir prófessor.

# Vísindasiðanefnd veitti leyfi fyrir 112 nýjum rannsóknum á Landspítala

Addressing the health status of migrant childbearing women in Iceland: their access to the health care system and experience of maternity care (Erlendar konur á Íslandi: útkoma á meðgöngu, í fæðingu og eftir fæðingu og samskipti þeirra við heilbrigðiskerfið). Helga Gottfeðsdóttir.

Afbrigði í B-eitilfrumusvörum í íslenskum fjölskyldum með ættlæga einstofna mótefnahækkun: Viðbótarumsókn við rannsókn. Helga M. Ögmundsdóttir.

Aldraðir sem leitað hafa á bráðamóttöku og síðan vísað á greiningarmóttöku á Landakoti: Heilsufar, færni, hrumleiki, meðferð, þörf á úrræðum, endurkomur á bráðmóttöku Landspítala og afdrif. Ingibjörg Hjaltadóttir.

ALLTogether pilot. Ólafur Gísli Jónsson.

Alþjóðlegur næringardagur 2019 (NutritionDay), á lyflækningasviði Landspítala. Áróra Rós Ingadóttir.

Arfgerðir sem ákvarða blóðflokka, myndun mótefna gegn rauðum blóðkornum við blóðinngjöf. Kári Stefánsson.

Associations of air pollution exposure with birth outcomes and childhood asthma in Iceland. Part of the Nordic WfAir project (Tengsl loftmengunar og heilsu). Þórarinn Gíslason.

Áhrif erfðabreytileika á brisbólgu af óþekktum toga. Kári Stefánsson.

Áhrif erfðabreytileika á myndun mótefna gegn rauðum blóðkornum á meðgöngu. Kári Stefánsson.

Áhrif kerfisbundinnar, ítarlegrar meðferðar á blóðsykursstjórnun og andlegt álag hjá einstaklingum með sykursýki tegund 1. Steinunn Arnardóttir.

Áhrif loftmengunar í Reykjavík á hjarta- og æðasjúkdóma, annar hluti. Vilhjálmur Rafnsson.

Áhrif sjálfhjálparefnis á netinu byggt á aðferðum hugrænnar atferlismeðferðar á kviða- og þunglyndiseinkenni (Effect of cognitive behavioural internet-based self-help guide on symptoms of anxiety and depression). Birta Brynjarsdóttir.

Áverkaverkferlar í dreifbýli – mat á yfir- og undirflokkan. Jóhann Már Ævarsson.

Blóðþurrð í lifur og brisi á meðal gjörgæslusjúklinga: Aftursýn gagnarannsókn. Einar Stefán Björnsson.

Botnlangabólga í börnum á Barnspítala Hringins. Greiningar og notkun myndgreininga. Kristján Óskarsson.

Bráður nýrnaskaði á bráðamóttöku: Framsýn tilfellið rannsókn. Ólafur Skúli Indriðason.

Breytt birtingarmynd bráðs kransæðaheilkennis á Íslandi 1981-2017. Karl Konráð Andersen.

Brottnám á auga (enucleation, evisceration og excentration) á Íslandi á árunum 2004-2018. Orsakir, algengi, afdrif og lífsgæði sjúklinga. Haraldur Sigurðsson.

Contemporary Treatment of Popliteal Artery Aneurysm in Nine Countries, a follow-up study: A report from the VASCUNET Collaboration of Registries. Elin Hanna Laxdal.

Dánarorsakir íslenskra barna. Ásgeir Haraldsson.

Depression symptoms among nursing home residents and elderly people that receive home care assistance in Iceland. Líney Úlfarsdóttir.

Erfðir astma og ofnæmis. Kári Stefánsson.

EudraCT númer rannsóknar 2017-000632-34 - Markmið súrefnismeðferðar hjá sjúklingum í gjörgæslumeðferð (HOT-ICU - Handling Oxygen Targets in the Intensive Care Unit). Katrín María Þormar.

EudraCT númer rannsóknar 2017-004011-39 - Fasa 3, fjölsetra, slembiröðuð, tvíblind samantvívísun rannsókn með lyfleysu til að meta verkun og öryggi canakinumab borið saman við lyfleysu sem stuðningsmeðferð hjá fullorðnum sjúklingum með stig AJCC/UICC v. 8 II-IIIa og IIIB (T>5 sm N2) af lungnakrabbameini sem ekki er af smáfrumugerð (NSCLC), sem fjarlægð hefur verið að fullu með skurðaðgerð (RO). Örvur Gunnarsson.

ALLTogether1 á Íslandi. Rannsóknar- og meðferðaráætlun fyrir börn á Íslandi með ALL. Ólafur Gísli Jónsson.

Evaluation of an Icelandic Translation of the WPPSI-IV Assessment. Katrín Einarsdóttir.

Faraldsfræði Rauðra Úlfa á Íslandi 1975-2015. Ragnar Freyr Ingvarsson.

Fatal vehicular accidents in Iceland 2008-2017. Sebastian Niko Kunz.

